

**Kjarasamningur  
milli  
FIT, RSÍ og STFS  
og  
Samataka atvinnulífsins vegna HS Orku hf**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning ofangreindra félaga og SA vegna HS Orku hf þar sem það á við.

**2. gr.**

**Launabreytingar á samningstímanum**

Launbreytingar 1. maí 2015

Þann 1. maí 2015 hækka laun og launatengdir liðir skv. launatöflu í fylgiskjali 1 sem er hluti samnings þessa.

Launabreytingar 1. maí 2016

Þann 1. maí 2016 hækka laun og launatengdir liðir um 5,5%.

Launabreytingar 1. maí 2017

Þann 1. maí 2017 hækka laun og launatengdir liðir um 3,0%.

Launabreytingar 1. maí 2018

Þann 1. maí 2018 hækka laun og launatengdir liðir um 2,0%.

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár m.v. fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 114.863

Á árinu 2016 kr. 121.170

Á árinu 2017 kr. 124.805

Á árinu 2018 kr. 127.301

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) m.v. fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 62.883

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 kr. 66.341

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 68.332

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 69.698

**4. gr.**

Samningsforsendur byggja á kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ frá 29. maí og 22. júní 2015.

Þegar niðurstaða liggur fyrir á almennum vinnumarkaði um endurskoðun vinnutíma og álagsgreiðslna, sbr. bókun þar um í kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ, munu aðilar hefja viðræður um sambærilegar breytingar á kjarasamningi þessum.

**5. gr.**

Samningurinn gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir 18. september 2015.

Reykjanesbær 14. september 2015

Fh. FIT, RSÍ og STFS

F.h. HS Orku hf

## **Bókanir (ekki til dreifingar)**

### **Bókun 1**

Við gildistöku samnings er sameinuð launatafla fyrir stéttarfélögin sem koma að samningnum.

### **Bókun 2**

HS Orka hf. mun hefja skoðun á þróun launa starfsmanna sem taka kjör skv. kjarasamningi þessum m.t.t. þróun markaðslauna í sambærilegum störfum. Miðað er við að kostnaður á samningstímabilinu vegna kjarasamnings þessa og endurskoðunar launa verði innan þeirra marka sem samrýmist verðlagsstöðugleika. Útfærsla og breytingar koma til framkvæmda eigi síðar en 1. mars 2017.

### **Bókun 3**

Aðilar eru sammála að á samningstímanum skal unnið að því að yfirfara kjarasamninga ofangreindra félaga og komast að samkomulagi um einn kjarasamning.